

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr. 342

febrúar 2024



**We Serve**

Febrúar 2023. Blað nr. 342  
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumdámi 109, Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjölumdámissjórn:



Sigfríð Andradóttir, fjölumdámissjórnari. Sigfríð er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: sigfrida@simnet.is



Friðrik Hansen Guðmundsson, umdámissjórnari í 109 A. Friðrik er félagi í Lionsklúbbum Fjörgyn og er með tölvupóstfangið fridrikhansen@gmail.com



Baldur Ingi Karsson, umdámissjórnari 109B. Baldur Ingi er félagi í Lionsklúbbum Hængur. Netfang Baldurs Inga er balduringikarsson@gmail.com

## FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2023 – 2024

Fjölumdámissjórnari: Sigfríð Andradóttir,

Lkl. Æsa

Umdámissjórnari 109A: Friðrik A.

Hansen, Lkl. Fjörgyn

Umdámissjórnari 109B: Baldur Ingi

Karlsón, Lkl. Hængur

Fjölumdámisskrifari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumdámissgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumdámissjórnari: Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

Vara fjölumdámissjórnari: Geirþrúður

Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingstjórnari: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjórnari: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dýnkur

Markaðs- og kynningarstjórnari: Niels

Bjarki Finsen, Lkl. Laugardals

Umhverfisstjórnari: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjórnari Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjórnari: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjórnari (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjórnari (félagamál): Jón Pálmason,

Lkl. Víðarr

GST stjórnari (verkefni) Bragi Ragnarsson,

Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjórnari: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjórnari: Pálmi

Hannesson, Lkl. Garður

Laganefund (form.): Björgúlfur

Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjórnari: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjórnari: Þór Steinarrson,

Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Jóhann Jónsson

Lkl. Álfanes

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdámissjórnari 109A Inga Lóa

Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumdámissjórnari 109B: Sumarliði

Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Varaumdámissjórnari (annar) 109A:

Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumdámissjórnari (annar) 109B:

Aðalsteinn Hallgrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

## Framkvæmdastjórn

Lionsshreyfingarinnar 2023 – 2024:

Alþjóðaforseti Dr. Patti Hill, Canada;

Fyrirverandi alþjóðaforseti Brian E.

Sheehan, United States;

Vara alþjóðaforseti, Fabrício Oliveira,

Brazil;

Annar vara alþjóðaforseti A.P. Singh,

India;

Þriðji vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon,

United States.

## Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

## Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cunning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirozaka, Japan.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Friðgeir Guðmundsson

er ljósmyndarinn



## Ritstjórnargreinin

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fjórða tölublað þessa starfsárs 2023 til 2024 komið út. Þetta blað er eingöngu netblað. Nokkrar spennandi greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa en því miður er nokkuð mikið um minningargreinar sem ég vona að sé tilviljun en ekki komið til að vera. Mér hefur verið bent á að vera með þá reglu að birta bara þrjár minningargreinar í hverju blaði og ef ég hefði gert það núna þá væri koóti þeirra greina orðin fullur fyrir þetta starfsár. Ég tel samt rétt að skoða hvort ekki megi setja einhverjar reglur um þær greinar.

Ég hvet ykkur kærni félagar til að lesa grein sem heitir 42 420 þar sem Lionsklúbbur Vestmannaeyja hefur hafið söfnun fyrir Grindvíkina vegna þeirra náttúruhamfara sem á þeim dýnja. Fjölumdámissjórnari fjallar um norræna samstarfið í NSR sem er fróðleg lesning, grein frá umdámissjórnari 109 A, tæver LCIF greinar, grein frá Guðrúnu Björt og svo mætt lengi telja. Það er margt fróðlegt í þessu blaði eins og sjá má af upptalningu minni hér að framan.

Að gefnu tilefni þá bendi ég ykkur á að tillögur til þinganna okkar í vor þurfa að berast 45 dögum fyrir þing og öðrum kosti koma þær tillögur ekki til umræðu á þingunum. Þessar tillögur þurfa að berast riturum umdæmanna (tillögur sem taka skal fyrir þar) og fjölumdámisskrifara (tillögur sem taka á fyrir á fjölumdámissþingi).

Að lokum þakka ég þeim sem sendu greinar í blaðið og eins þakka ég þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjórnari

# Dr. Patti Hill

## Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar,  
Við höfum vald til að gera heiminn að betri stað. Það er ótrúleg ábyrgð sem við deilum sem lionsmenn og ótrúlegt tækifæri. Til að ná þessu verðum við að taka djörf skref - saman.

Eitt mikilvægt skref sem við getum tekið er að bjóða nýjum meðlimum að ganga til liðs við okkur í hreyfingunni. Fleiri meðlimir þýða meiri þjónustu og fleiri leiðir til að þjóna samfélögum okkar. Raunverulegar breytingar eru sannarlega mögulegar þegar við sam-einumst öll og vinnum að betri heimi.

Annað skref sem við getum tekið er að vinna með leóklúbbum. Þegar Lions og Leó vinna saman, sköpum við ekki aðeins ný tækifæri til að ná þjónustumarkmiðum okkar, við aukum líkurnar á því að þessir kraftmiklu ungu sjálfboðaliðar haldi áfram að trúa á verkefni okkar með því að gerast Lionsmenn.

Sem Lions leggjum við fram svo margt gott í heiminn. Við skulum bjóða öðrum að breyta heiminum með okkur og sjá hvernig það góða margfaldast um allan heim.

*Þýðing: Þorkell Cýrusson*



## Lionsklúbburinn Kaldá



Hjá okkur í Kaldá gengur félagsstarfið vel og góð mæting. Bókaklúbburinn okkar Bókaormarnir verður árs gamall í vor og þar er líka góð mæting. Við lásum bókina Völsku í janúar og kom óvæntur gestur á fundinn. Nanna Rögnvaldsdóttir höfundur bókarinnar kom og sagði okkur frá undirbúningi og tilurð bókarinnar. Fróðlegt og skemmtilegt kvöld.

Við höfum í tvær vikur aðstoðað Kraft við pökkun á armböndum og ýmislegt annað. Afar gefandi og skemmtileg vinna og frábær þátttaka félaganna þrátt fyrir erfiða færð þessa daga.

*Lionskveðjur  
Jórunn Jörundsdóttir*

**Skilafrestur á efni í næsta blað er 29. mars**

# Norðurlandasamstarf (NSR)

Sigfríð Andradóttir,

fjölumdæmisstjóri MD 109



NSR merki fyrir Ísland.



Anne Kathrine Fossum fjölumdæmisstjóri Noregs setur þingið.



A.P. Singh flytur tölu í gegnum fjarfundarbúnað.

**Fjölumdæmin 5 á Norðurlöndunum (NSR) hafa starfað saman frá 1962 að mörgum málum. Við erum þekkt í lionsheiminum sem Scandinavian Lions en við notum sjálf The Nordic Lions. NSR stendur fyrir Norræna samstarfsráðið eða Nordiska Samarbetsráðet.**

NSR vinnur saman að mörgum góðum málefnum t.d. *The forgotten children in Libanon*, Solar cookers for poor people in Kenya og höfum við Íslendingar hingað til aðeins lagt til peninga en hvert verkefni/samvinna sem við vinnum saman er skipt niður fjárhagslega miðað við fjölda lionsfélaga í hverju landi fyrir sig ár hvert. Okkar framlag er 4% af upphæðinni sem er ákveðin.

Við höldum þing/ráðstefnu árlega um miðjan janúar ár hvert og skiptumst á að halda það. Þetta árið var þingið/ráðstefnan NSR, haldið í Noregi helgina 19. til 21. janúar síðastliðinn. Þátttaka var misgóð frá hinum Norðurlöndunum en mæting frá Íslandi var mjög góð eða 20 manns af rúmlega 80 sem voru skráðir á þingið.

Dagskráin var fjölbreytt að venju, Anne Kathrine Fossum fjölumdæmisstjóri Noregs (CC) setti þingið og eftir opunarhátíð 19. janúar var komið að fyrsta námskeiðinu þar sem fjallað var um mannúðarverkefni á erfiðum tímum í heiminum og verkefnið „Winter is coming to Ukraine, part 2“ um söfnun á eldavélum til Úkraínu. Síðar um daginn var fundur fjölumdæmisstjóranna á Norðurlöndum, fyrri fundur sem er kynning á því sem þarf að kjósa um ásamt fleiru. Kosningafundur fjölumdæmisstjóranna var síðan á laugardeginum.

Á laugardeginum var í fyrstu fjallað um félagaoöflun, ákveðna aðferðarfræði sem heitir Global Membership Approach (GMA) og



Séð yfir hluta af fundarsalnum.



Umdæmisstjórnarnir Baldur Ingi umdæmisstjóri í B umdæmi, Sigfríð fjölumdæmisstjóri og Friðrik Hansen umdæmisstjóri í A umdæmi við viðareldavél fyrir heimili í Úkraínu.



Guðrún Björt fyrrum alþjóðaforseti kynnir Pirkko Vihaovainen alþjóðastjórarmann.



Anne Kathrine afhendir Kåre Jensen frá Danmörku víkinginn góða og NSR veggteppið sem eru tákmyndir fyrir Norðurlandasamstarfið.



Guðrún Björt, Anna Blöndal og Sigfríð við afhendingu á Kjaransordunni.



Fjölumdæmisstjórnar Norðurlandanna (CC) starfsárið 2023-24, Sigfríð frá Íslandi, Anne Kathrine frá Noregi, Mika frá Finnlandi, Pia frá Svíþjóð og Ida frá Danmörk.



Ráðgjafanefnd fjölumdæmisstjóranna, Arne frá Finnlandi, Þorkell frá Íslandi, Sven frá Svíþjóð, Björn frá Noregi og John frá Danmörku.

hvernig það virkar. Annar vara forseti lions-hreyfingarinnar AP Singh gat því miður ekki mætt í eigin persónu á þingið sem hann hafði ætlað sér heldur hélt hann tölu sína í gegnum fjarfundarbúnað. Eftir kynningu hans og

umræður var skipt í hópa og rætt um leiðir til að koma GMA í framkvæmd. Eftir hádegi voru fjölumdæmisstjórnarnir 5 (CC) með aðstoð varafjölumdæmisstjóranna (VCC) og ráðgjafanefndar fjölumdæmisstjóranna (OC)



Varafjölumðæmisstjórar Norðurlandanna (VCC) Nina frá Finnlandi, Sten-Yngve frá Svíþjóð, Geirþrúður frá Íslandi, Kåre frá Danmörk og Gunhild frá Noregi.



Íslenski hópurinn.

með vinnustofur þar sem fjallað var um NSR í framtíðinni – One Lions – One Voice.

Pirkko Vihavainen alþjóðarstjórnarmaður flutti okkur fréttir frá LCI yfirstjórn Lions. Eftir það var síðan kosningafundur fjölumðæmisstjórnanna þar sem meðal annars var kosið um IR verkefni Lions á Norðurlöndunum og var verkefni Svíþjóðar *Water means Life-Somalia* valið til að vera sameiginlegt verkefni Norðurlandanna frá 2025 -2027.

Að lokum lokaði svo Anne Kathrine Fossum þinginu og afhenti Kåre Jensen fulltrúa Danmerkur víkinginn góða ásamt teppinu sem eru tákn NSR þingsins sem hann mun nú gæta næsta Lions starfsár. Kåre kynnti fyrir fundarfólki þingstað næsta NSR árs sem verður haldið í Danmörku.

Fyrir lokakvöldið fékk undirrituð það hátíðlega og skemmtilega verkefni að sæma Önnu Blöndal Kjaransorðunni sem hún fékk

frá fjölumðæminu starfsárið 2022-2023 fyrir allt hennar góða starf fyrir Lions á Íslandi.

Hér fylgja með nokkrar myndir sem voru teknar í Noregi

*Sigfríð Andradóttir  
Fjölumðæmisstjóri - CC  
MD 109 Ísland*

## Lionsklúbbur Dalvíkur

Á jólafundi Lionsklúbbs Dalvíkur 19. Desember fengum við Gunnstein Þorgilsson formann sóknanefndar og Þórð Sigurðarson organista Dalvíkurprestakalls á fund og afhentum þeim nýtt orgel sem mun verða í Tjarnarkirkju í Svarfaðardal. En hægt að fara með það hvert sem er um prestakallið ef þarf.

Myndir, annarsvegar formaður Kristján Ólafsson og Gunnsteinn Þörgillsson, hins vegar Þórður Sigurðarson organisti við orgelið.

Bestu kveðjur frá Lionsklúbbi Dalvíkur,  
*Tryggvi*



## Sameinum umdæmin

Friðrik Hansen Guðmundsson,  
Umdæmisstjóri 109 A



Íheimsóknum mínum í klúbbana í Umdæmi 109A þá hafa Lions félagarnir tekið vel í þær hugmyndir að sameina Umdæmin. Í nokkrum stærri klúbbunum þá hefur salurinn allur klappað þegar ég nefni þetta, líka einn af kvennaklúbbunum. Undirritaður mun því leggja fram á Fjöllumdæmisþinginu á Álftanesi í maí 2024, eftirfarandi tillögu:

*„Fjöllumdæmisþing samþykkir að Umdæmi 109A og Umdæmi 109B verði sameinuð í eitt umdæmi, Umdæmi 109. Sameiningin tekur strax gildi. Fjöllumdæmisþingið breytir þá um nafn og heitir það sem eftir lifir Þingsins á Álftanesi, Umdæmisþing. Lög um Umdæmisþing gilda í framhaldi um Þinghaldið. Fyrsti vara Umdæmisstjóri í 109A tekur við sameinuðu Umdæmi 1. júlí 2024, fyrsti vara Umdæmisstjóri í 109B tekur við í júlí 2025, annar vara í 109A árið 2026 og annar vara í 109B árið 2027.“*

Sú staða hefur lengi verið uppi að Íslenska Lions hreyfingin hefur ekki verið að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til fjölda félaga í Umdæmunum. Í febrúar 2023 voru 1.922 félagar á Íslandi. Í febrúar 2024 eru þeir 1.766, þar af 1.085 í 109A og 681 í 109B. Fækkun milli ára er 156 félagar. Til að Umdæmi teljist fullgilt þurfa 1.250 félagar að vera í Umdæminu. Á þessu starfsári hefur hreyfingin orðið fyrir skakkaföllum, klúbbar með aldraða félaga þar sem meðalaldur er um og yfir 80 ár hafa verið að hætta. Vissulega er verið að fjölga félögum í flestum klúbbum en ég efast um að við náum að veða þetta upp og fjölgun félaga verði meiri en fækkun þeirra á þessu starfsári.

Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er hvort við eigum að aðlaga hreyfinguna að

raunveruleikanum og sameina Umdæmin í eitt Umdæmi. Við værum þá að stíga eitt skref til baka, til upphafsára Lions á Íslandi þegar hreyfingin starfaði um árabíl í einu umdæmi og hét þá Umdæmi 109. Þau rök sem mæla með sameiningu umdæmanna á Þinginu í Álftanesi í vor eru eftirfarandi:

a) Lions hreyfingin um allan heim er að fara í gang með Átakið 1,5 milljón og því átaki er ætlað að fjölga félögum á heimsvísu úr 1,4 milljónum félaga í 1,5 milljón. Á sama tíma er Íslenska Lions hreyfingin að hefja markaðs- og kynningarátak í samstarfi við Auglýsingastofuna ENNEMM. Til að ná árangri í þessu kynningar- og markaðsátaki og gera Lions áhugaverðan vettvang að starfa með, þá þarf að straumlínulaga skipulag hreyfingarinnar, einfalda boðleiðir og hlutverk og ábyrgð hvers og eins þurfa að liggja fyrir og vera skýr. Í dag eru 3 nefndir að sýsla með Félagamálin og 3 til 5 manns í hverri nefnd. Það er, við í Umdæmi 109A eru með okkar Félagastjóra og 5 manna nefnd að vinna í félagamálunum. Sama staða er uppi í Umdæmi 109B. Fjöllumdæmið er líka með sinn Félagastjóra og félaganefnd að vinna að sömu málum. Sameinum við Umdæmin þá væri bara ein nefnd að stöfum í Félagamálum og starfsvið hennar og hlutverk væri skýrt. Með því að sameina umdæmin værum við að einfalda skipulag hreyfingarinnar og auka til muna líkurnar á að Átakið 1,5 milljón og Íslenska markaðs- og kynningarátakið okkar beri tilætlaðan árangur.

b) Fjárhagslegur ávinningur af sameiningu Umdæmanna er verulegur. Erlendur ferðakostnaður Íslensku Lions hreyfingarinnar var á síðasta starfsári kr. 2.440.475. Þeir sem fara erlendis á vegum hreyfingarinnar eru Umdæmisstjórnarnir tveir, Fjöllumdæmisstjóri og makar þeirra. Verði ferðakostnaður svipaður á ári næstu 10 árin má ætla að það fari um 24 milljónir í erlendan ferðakostnað við að halda úti þessum tveim Umdæmum og Fjöllumdæminu. Væntanlega mun þessi kostnaður hækka þar sem Umdæmi 109A er ekki lengur löglegt og ferðakostnaður maka í Umdæmi 109A er því ekki lengur greiddur af Alþjóðahreyfingunni. Ferðakostnaður maka í Umdæmi 109A þarf á næstu árum að greiðast af Íslensku Lions hreyfingunni, eins og gert hefur verið um árabíl með ferðakostnað maka í Umdæmi 109B. Fyrirséð er að erlendur ferðakostnaður mun því hækka að öllu óbreyttu. Ef við sameinum



Á samnorræna Lions þinginu, NSR, í Ósló í janúar 2024, Friðrik Hansen Guðmundsson og Ingibjörg Ragna Óladóttir.

Umdæmin og erum hér með eitt Umdæmi þá má ætla að þessi erlendi ferðakostnaður gæti lækkað um allt að 2/3. Það er, það færi bara einn Umdæmisstjóri og maki hans á Alþjóðþingið, NSR og svo framvegis. Það væri ekkert Fjöllumdæmi því landið væri eitt Umdæmi og allur kostnaður við að reka Fjöllumdæmið, ferðakostnaður og fleira, fellur þá niður. Má ætla að á næstu 10 árum, sameinum við Umdæmin, þá spari hreyfingin um 16 milljónir af þessum 24 milljón sem annars færu í erlendan ferðakostnað. Meira fé yrði þá til ráðstöfunar til líknarmála.

c) Með því að sameina Umdæmin þá erum við að stækka Lions heiminn fyrir Lions félaga um allt land. Allir klúbbarnir eru þá að vinna saman að þeim verkefnum sem hreyfingin tekur að sér. Boðleiðir verða allar miklu styttri. Þeir sem eru í forystu hverju sinni horfa þá á alla klúbba landsins og öll hreyfingin er undir, ekki bara hluti hennar á þessum fundinum og hinir klúbbarnir á hinum fundinum. Það verður miklu skemmtilegra að vera í Lions þegar allir klúbbarnir eru að vinna saman undir einni sameiginlegri stjórn.

d) Með því að sameina umdæmin þá verður starf Svæðisstjóra veigameira. Við sameiningu verða Svæðin áfram jafn mög og fjöldi Svæðisstjóra helst óbreyttur. Íslenska Lions hreyfingin yrði þá meira í ætt við það sem er á Norðurlöndunum. Þar eru Umdæmisstjórnarnir ekki að heimsækja alla klúbba í Umdæminu, eins og hefðin er hér. Þar taka Svæðisstjórnarnir mikið af þessum heimsóknum í klúbbana. Með Ísland sem eitt Umdæmi þá yrðu þessar heimsóknir í klúbbana leystar með þeim

hætti að Umdæmisstóri og vara Umdæmisstjórar skiptu þessum heimsóknum á milli sín og Svæðisstjórana. Í Danmörku er sá háttur líka hafður á að Féлага-, Fræðslu- og Verkefnastjóri, taka hluta af þessum heimsóknum. Með öðrum orðum, með því að sameina Umdæmin þá eru við að endurnýja starf Svæðisstjórana og allra Verkefnastjórana og gefa þessum störfum aukið vægi.

Ég hlakka til að sjá ykkur sem flest á þinginu í vor á Álftanesi og vona að þið takið þátt í að breyta og bæta Íslensku Lions hreyfinguna.

*Friðrik Hansen Guðmundsson  
Umdæmisstjóri 109A*



## Lionsklúbbur Húsavíkur

Í febrúar nánar tiltekið 1. febrúar var haldinn fundur í Lionsklúbb Húsavíkur og tekinn inn nýr félagi en það gerist nú ekki á hverjum degi. Í klúbbinn bættist við Jakob Gunnar Hjaltalín sem er búinn að vera klúbbnum innan handar síðan í haust. Þá komu með okkur tveir hörku karlar að aðstoða okkur við niðursetningu krossa og veitti ekki af, því klúbbfélagar eru nú farnir að eldast og ekki allir færir um að vinna mikið. Við erum að vona að við náum öðrum manni inn fyrir vorið en annars hefur félagsstarfið gengið vel í vetur búnir að halda 8 fundi. Að venju tókum við þátt í blóðsykurmælingunni og mældum rúmlega 100 manns bæði blóðsykur og blóðþrýsting með dyggri aðstoð okkar tryggu hjúkrunarfræðinga frá HSN.

Rómaða Lionssíldin okkar, sem verður sífellt vinsælli, var að sjálfsögðu á verkefnalistanum. Jólafundurinn var á sýnum stað með hangikjöti og tilheyrandi. Eins og gengur eru félagar á faraldsfæti og er Canarí og Tene þar vinsælasti áfangastaðurinn og því dregur stundum úr mætingu á fundi sem annars er yfirleitt nokkuð góð.

*Birgir Þór formaður*



Á myndinn eru f.v. Steingrímur Hallgrímsson, Birgir Þór, Jakob Hjaltalín, og Guðmundur B Guðjónsson.

## Minning + Magnús Valdimar Ármann



*Magnús Valdimar Ármann var fæddur þann 7. janúar, 1933. Hann lést á Landspítalanum þann 22. desember, 2023. Magnús kvæntist árið 1957 eftirlifandi eiginkonu sinni, Helgu Tryggvadóttur, f. 25. september, 1936. Synir Magnúsar og Helgu eru þrír: Sigbjörn, Páll Þór og Valdimar.*

*Magnús ólst upp á Njálsgötunni í Reykjavík. Hann útskrifaðist síðan sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1961. Fljótlega eftir það*

*hóf hann störf hjá sameiginlegri skrifstofu S. Árnasonar og Co. og Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar sf. Þar kynntist hann skipamiðluninni. Hann starfaði síðan sem skipamiðlari allan sinn starfsferil fyrst hjá Gunnari Guðjónssyni sf., og seinni árin sem eigandi þess*

*fyrirtækis og síðar eigandi MS Ármann skipamiðlunar ehf. Magnús var mikill skíðamaður og æfði skíði og keppti á unglingsárum. Einnig stundaði hann golf og badminton og var mikill laxveiðimaður.*

*Magnús varð félagi í Lionsklúbbi Reykjavíkur þann 19. nóvember 1970. Hann varð strax virkur félagi í þessum elsta Lionsklúbbi okkar og settist í fjáröflunarnefnd strax árið eftir. Hann var félagslyndur og skemmtilegur félagi og tók virkan þátt í starfsemi klúbbsins allt fram á síðustu ár. Auk annarra embætta var hann tvisvar formaður fyrst árið 1980 og síðan á 60 ára afmæli klúbbsins og Lionshreyfingarinnar á Íslandi árið 2011. Hann varð gerður að Melvin Jones félagi árið 2014.*

*Magnúsar er minnst með söknuði hjá okkur félögum. Við þökkum honum samfylgdina og vottum fjölskyldu hans innilega samúð okkar.*

*Fyrir hönd Lionsklúbbs Reykjavíkur  
Guðjón Ólafsson, formaður*

## Að takast á við áskoranir vegna augnheilsu eftir Shelby Washington

Í Pakistan eru 570.000 fullorðnir sem glíma við blindu af völdum drer. Þetta er algengasta orsök blindu sem hægt er að forðast í landinu en 51,5% blindra eru blindir vegna þessa sjúkdóms. Að auki eru 11,77% ríkisborgara í Pakistan með tegund 2 af sykursýki, þar sem 29% þeirra fá sjónkvilla af völdum sykursýki (DR). Lionsmenn sáu umfang þessa vandamáls í Pakistan og vissu að við því þyrfti að bregðast.

Lionsmenn í umdæmi 305-N2 fengu SightFirst-styrk upp á 131.463 Bandaríkjadali frá Lions Clubs International Foundation (LCIF) til að þróa innviði og auka greiningu og meðferð ár drer og vegna þess farið var í samstarf með Khyber Eye Foundation (KEF). KEF var stofnað sem góðgerðarsjúkrahús árið 1998. Að meðaltali skoðar KEF um 54.000 sjúklinga á göngudeildum og framkvæmir augasteinaaðgerðir á 5.500 einstaklingum á hverju ári. Um það bil 8.000 manns með sykursýki eru skoðaðir og eru í meðferð hjá lækni og sérfræðingi í sykursýkissjúkdómum á hverju ári. Auk þess fylgist KEF með glákusjúklingum og framkvæmir glákuaðgerðir. Á hverju ári greinir KEF um það bil 900 sjúklinga með gláku, framkvæmir margar aðgerðir og býður upp á meðferðir.

KEF leggur einnig áherslu á að takast á við þessa sjúkdóma á unga aldri til að tryggja að koma í veg fyrir blindu hjá börnum. Þeir standa fyrir skimun í skólanum sem felur í sér ókeypis meðferð fyrir börn á aldrinum 6 til 10 ára. Skimun felur einnig í sér ókeypis augnpróf til að bera kennsl á ljósbrotsvillur (drer) og aðra augnsjúkdómar, ókeypis gleraugu, tilvísanir til KEF fyrir nemendur ef þeir þarfnast frekari meðferðar og fræðslu um blindu sem hægt er að forðast og persónulegt hreinlæti. KEF er með augnskoðanir og veita börnum gleraugu ef þau þurfa. Á árunum 2008 til 2016 tók KEF 17.118 einstakling mat á drer og dreifðu 12.402 gleraugum. Á síðasta ári fengu 80% af sjúklingar sem fóru í augasteinaaðgerð góðan árangur, og lionsmenn vonast til þess auka þann árangur til að þjóna fleirum í Pakistan.

LCIF styrkurinn mun gera Lionsmönnum kleift að kaupa nauðsynlegan búnað til að sinna augnprófunum og meðhöndla drer, URE og DR. Þetta þýðir að hægt verður að kaupa nýtt leysirtæki til að framkvæma augnaaðgerðir en núverandi tæki hefur ekki verið starfhæft í þrjú ár. Þetta mun leyfa starfsfólki að framkvæma þessar aðgerðir aftur. Með þessari styrkveitingu mun Lions tryggja að tugþúsundir manna um allt land mun ekki þurfa að þjást af sjónskerðingu lengur. Eins munu lionsfélagar í Pakistan ná til fólks sem á við sjónskerðingu af völdum sykursýki, drer og fleira. Kynntu þér betur hvernig Lions og LCIF vinna saman að því að bæta líf sjónskertra og þá sem þjást af sykursýki.

Þýðing: Þorkell Cýrusson





# LJÓNIN FAGNA

HERRAKVÖLD  
NJARÐAR



## GÓÐGERÐARKVÖLDVERÐUR

Föstudaginn / kl. 19 til kl. 24

# 8. MARS

Listaverkauppboð til styrktar:

## HEYRNAR- & TALMEINA- STÖÐINNI

Happdrætti til styrktar:

# LJÓSinu

Matseðill:

Grafinn & kryddhjúpaður lax  
Léttsteikt dádýrafillet  
Súkkulaði hraunkaka

Skemmtana-  
stjóri kvöldsins:

# BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

Ræðumaður  
kvöldsins:

# HARALDUR BENEDIKTSSON

# JÓHANNA GUÐRÚN

Syngur

Miðaverð: **24 þús. kr.**

Miða- og borðapantanir:

Jón Sveinsson, gjaldkeri, 863 4247, jks@rb.is  
Pétur L. Lentz, ritari, 896 2969, pll@simnet.is



GRAND  
HÓTEL  
REYKJAVÍK





# Harður vetur í Úkraínu 2. hluti



Lions Clubs International  
**FOUNDATION**

Kæru Lionsfélagar.

**Mbl.is 4. febrúar** „Hátt í 40 þúsund manns eru án rafmagns í Dnípírópetrovsk í Úkraínu eftir að yfir tuttugu drónar frá Rússlandi réðust á mikilvæga orkuinnviði. Í norðausturhluta Karkívheraðs voru um 64 bæir án rafmagns“.



Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna 10. janúar „Milljónir manna í þúsund bæjum og borgum í Úkraínu eru án rafmagns nú þegar allt að sextán stiga frost herjar á landið. Þeir sem búa nærri víglínunni verða verst fyrir bardönu á ástandinu“.

Þetta eru fréttirnar sem við fáum frá Úkraínu þessa dagana. Ástand sem varað hefur í tvö ár. Við eigum kannski erfitt með að setja okkur í spor þessa fólks þar sem við Íslendingar þekkjum, fáir ef nokkrir, hörmungar af völdum styrjalda á eigin skinni. En við getum sannarlega reynt að koma til hjálpar nauðstöddum fjölskyldum sem engar bjargar hafa til að hita hífylí sín eða elda mat. **Að leggja lið með vináttu, það kunnum við lionsfélagar öðrum betur.**

Þess vegna ákváðum við í LCIF teyminu að skrá Lions á Íslandi þátttakendur í verkefni sem hleypt var af stokkunum fyrir tilstilli Lions í Finnlandi. Öðrum þjóðum var boðið að vera með og nú þegar eru

**Lionsfélagar í 22 löndum víða um heim að taka þátt í verkefninu**, fána hluta þeirra má sjá hér að neðan..

Kynning á „eldavéla“ verkefninu á öllum Lionsmiðlum hefur vonandi ekki farið fram hjá neinum ásamt því að tölvupóstur hefur verið sendur á alla lionsfélaga. Verkefnið er LCIF verkefni og felst í því að smíða og afhenda viðarkynnta eldunarofna fyrir stríðshrjáðar fjölskyldur í Úkraínu.

Fyrstu framlög frá íslenskum lionsfélögum og klúbbum voru send 2. febrúar þannig að við erum komin af stað en betur má ef duga skal. Hver eldavél kostar 23.000,- og **við skorum á lionsfélaga bæði klúbba og einstaklinga að taka myndarlega þátt í verkefninu** – <https://www.lions.is/is/frettir/leggjum-stridshradum-fjolskyldum-i-ukrainu-liid>. Við þökkum þeim einstaklingum og klúbbum sem þegar hafa styrkt verkefnið. Við höfum stuttan tíma því þetta þarf að gerast hratt – síðasti greiðsludagur inná reikning hér að neðan er 15. mars:

Við setjum markið á a.m.k. **500** viðar-eldunarofna (eldavélar) frá Íslandi.

Reikningsnúmer. **0516-26-7722**

Kennitala: **640572-0869**

Eigandi reiknings: Lions á Íslandi, Hlíðasmára 14, 201 Kópavogur.

**Það er kannski kalt í Úkraínu – en við í Lions höfum hlýtt hjarta og látum verkin tala.**



## Minning + Ásmundur Bjarnason



Þann 1. febrúar sl. andaðist í hárríelli á Skógarbrekku á Húsavík Ásmundur Bjarnason

Ásmundur var virkur í starfi Lionsklúbbs Húsavíkur og gegndi flestum þeim störfum sem tilheyra starfseminni Hann gekk í klúbbinn árið 1971 og setti sterkan og glaðværan svip sinn á fundum. Þegar lag kvöldsins var sungið dró hann gjarnan munnhörpu úr vasa sínum og spilaði með. Sem síðameistari til

margra ára var hann afskaplega minnisstæður. Eins og lionsfélagar vita skal síðameistari halda uppi góðum félagsanda á klúbbsfundum. Síðameistara er heimilt að sekta féлага réttlátlega og peningar þeir sem innheimtast eru færðir í félagssjóð. Síðameistari hefur alræðisvald um það hvern hann rúkkar og hve mikið. Var oft spaugilegt hvað rúkkað var fyrir. En Ásmundur var góður síðameistari og upphæðin yfirleitt

ekki há. Hann fékk Melvin Johns viðurkenningu 2012. Hann yfirgaf klúbbinn 2019

Ásmundur var um miðbik síðustu aldar afreksmaður í íþróttum og var í gullaldarliði landsins í frjálsíþróttum og keppti á tvennum Ólympíuleikum, 1948 í London og 1952 í Helsinki. Með Ásmundi eru gengnir allir þessir kappar sem þar kepptu.

Lionsklúbbur Húsavíkur kveður hinn aldna heiðursmann og góðan féлага með miklu þakklæti og þökkum fyrir langa og góða samveru og sendir fjölskyldu hans samúðarkveðju.

Lionsklúbbur Húsavíkur

# Lionsklúbbur Skagafjarðar bauð eldri borgunum til kvöldfagnaðar á Löngumýri

Lionsklúbbur Skagafjarðar bauð eldri borgurum á starfssvæði sínu í framsveitum Skagafjarðar til kvöldfagnaðar að Löngumýri 24. janúar sl. Núverandi íbúar gömlu hreppanna auk þeirra sem flutt hafa á Sauðárkrók var boðið til fagnaðarins. Alls sátu boðið rúmlega 110 eldri borgarar auk nær allir klúbbfélagar alls 130 manns.

Klúbburinn lagði ársvisst málefnum eldri íbúa í héraðinu lið með því að efna til skemmtiferða innan sveitar eða um nær sveitir. Þátttaka í þessum ferðum var jafnan góð og ferðirnar vel metnar af þátttakendum. Í seinni tíð hefur klúbburinn ákveðið að bjóða fólki til veglegs kvöldverðar að jólum afstöðnum og fyrir Þorra. Sú nýbreytni virðist höfða til fleira og fellur fólki ekki síður í geð.

Samkoman hófst með því að formaður klúbbsins, Kristján Kristjánsson, bauð gesti velkomna með nokkrum orðum og fól Sigurði Guðjónssyni veislustjórn. Meðal skemmtiatriða var að Agnar Gunnarsson flutti hugleiðingu í aðdraganda Þorrans og Bjarni Maronsson las frásögn af ferð sinni til Grænlands eftir Pálma Rögnvaldsson. Góður rómur var

gerður að máli þeirra. Loks stjórnaði Guðbrandur Ægir fjöldasöng sem vel var tekið undir af gestum.

Eitt af boðorðum Lionshreyfingarinnar er að rækta samfélagsskyldur og vera hollur þegn þjóðar og sveitarfélags bæði í orði og verki. Klúbbfélagar í Skagafirði telja þessu markmiði í starfi klúbbsins vel náð með því að standa fyrir hvers konar viðburðum fyrir eldri borgara héraðsins. Auk þessa hefur klúbburinn lagt mannúðarmálefnum lið með stuðningi við stofnanir og einstaklinga í sveitarfélaginu.

Klúbbfélagar undirbjuggu veisluna og gengu um beina. Skipulag og matseld öll var í höndum starfsfólks á Löngumýri og fírst einstaklega vel úr hendi og er þakkað sérstaklega. Þá á klúbburinn góðan bakhjarl sem með sínu framlagi setti hátíðlegan brag á veisluna. Það er álit klúbbsfélaganna að fátt sé betur fallið til þess að efla og styrkja félagsandann en þar sem verkin eru látin tala eins og stundum er sagt.



Veislugestir.



Agnar Gunnarsson.



Jón Sigurðsson og Helgi Sigurðsson.



Veislugestir.



Formaður klúbbsins, Kristján Kristjánsson.



Starfsfólk á Löngumýri í lok dags.



## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

**EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.**

# Lionsklúbbur Grindavíkur

## Sælir lionsfélagar

Okkur finnst rétt að láta vita af okkur. Eins og gefur að skilja höfum við dreifst hingað og þangað en samt aðallega á SV hornið nema formaðurinn er á Laugarvatni en vinnur samt á höfuðborgarsvæðinu.

Við höldum okkar fyrsta félagsfund 30. janúar síðastliðinn en síðasti fundur okkar var í byrjun nóvember fyrir þessar hörmungar sem dundu yfir okkur 10. nóv. sl. Formaður okkar Hörður Jónsson sagði við erum bognir en ekki brotnir og að því sögðu boðaði hann til fundar í Lionsheimilinu Hlíðasmára 14 Kópavogi. Þar var ákveðið að funda þar tvisvar í mánuði fram á vor og sjá svo til.

Þann 25. janúar hittumst við nokkrir félagar úr klúbbnum til að veita gjöf frá lionsklúbbum í Færeyjum. Þeir gáfu 100 þúsund krónur danskar sem gerir um 2 milljónir íslenskar. Þetta er höfðingleg gjöf en vek athygli á að það eru aðeins 300 lionsfélagar í Færeyjum. Við erum þakklátir frændum okkar í Færeyjum.

Nokkrir lionsklúbbar hafa boðið okkur á fundi sbr. Lkl. Njarðvíkur, Lkl Víðarr og nú Lkl Ásbjörn í Hafnarfirði. Við þökkum þessi boð en nokkrir félagar frá okkur hafa þekkt þessi boð.

Á fundinum 30. janúar var samþykkt að styrkja Velferðarsjóð Grindavíkurkirkju um talsverða upphæð en þar er haldið utan um þá sem á fjárhagsaðstoð þurfa að halda.

Gunnar Vilbergsson  
Lionsklúbbi Grindavíkur



## Minning †

### Ingimundur Eymundson

f. 24.08.1935 d. 20.12.2023



Ingimundur Eymundsson gekk í lionsklúbb Mosfellsbæjar í október 1978. Hann var virkur félagi þangað til heilsu hans fór að hraka fyrir nokkrum árum síðan og gegndi á sínum tíma ýmsum embættum hjá klúbbnum. Hann var gjaldkeri 1981 – 1982; formaður 1988 – 1989 og aftur 2008 – 2009. Hann varð Melvin Jones félagi í maí 2007 og síðustu ár ævifélagi.

Ingimundur lærði bifvélavirkjun og tók meistarapróf í þeirri grein. Starfaði mestan part ævi sinnar við bíla m.a. hjá fyrirtækjunum Bílaborg sem þá hafði umboð fyrir Mazda bíla og hjá Ræsi hf. Einnig vann hann um tíma sem bifreiðaeftirlitsmaður og stofnaði svo ásamt félagi sínum Ökuskóla Íslands. Samhlíða vinnu við bíla lærði Ingimundur kvikmyndasýningastjórn og starfaði sem sýningarstjóri í Tónabíói, í Bíóhöllinni á Akranesi og kvikmyndahúsinu Andrews Theater hjá varnarliðinu á Keflavíkflugvelli.

Margar minningar koma upp í hugann þegar við nú minnumst Ingimundar. Aðal fjáröflun klúbbsins í seinni tíð hefur verið árlegt herrakvöld. Á þann fagnað var Ingimundur mjög duglegur að koma með marga gesti. Einn laugardag fyrir löngu síðan fór hann með okkur lionsfélagana í heimsókn á „völlinn“. Við fórum í Andrews Theater og sáuum nýja kvikmynd, einnig í klúbb yfirmanna og síðan í flugturninn og kynntumst starfseminni þar. Ingimundur tók einnig nokkrum sinnum að sér að útvega hópferðabil og aka honum þegar við fórum út fyrir okkar bæjarfélag, til dæmis þegar haldinn var stjórnarskiptafundur með mökum á Nesjavöllum fyrir nokkrum árum og þegar við heimsóttum lionsklúbb Selfoss á þeirra kótiletukvöldi. Þá var Ingimundur kominn á níræðisaldur.

Ingimundur var glaðvær og hjálpsamur að eðlisfari og skemmtilegur félagi sem oft hafði uppi gamanmál á klúbbfundum. Við söknum góðs féлага og vottum fjölskyldu hans innilega samúð.

Fyrir hönd lionsklúbbs Mosfellsbæjar,  
Magnús Sigsteinsson

# Ísland - land elds og ísa

Jóhanna Thorsteinson,

umdæmisstjóri 109A



Góður vinur minn kvaðst vera að keyra í fornum öskuhaugi, þegar við ókum yfir Hellisheiði eystra sumarið 2023.

Ég hváði nú við: „Ha?“ Ég leit yfir snar brattar hlíðar heiðinnar og sá fjölbreytta flóru marglita steinda.

„Já, þetta er gamall gígur, 15 milljóna ára gamall. Þetta er bara öskuhaugur. Þetta er Fagradalseldstöðin.“

„Einmitt það,“ sagði ég.

„Já“ bætti hann við, „í raun er jörðin öll einn allsherjar öskuhaugur.“

„Nú?“ Hváði ég...

„Já, ef þú hugsar um það, þá er allt sem lifir og deyr á jörðinni dæmt til að rotna og verða að moldu.“

(Ég rifjaði upp það sem presturinn segir þegar hann moldar yfir líkkistuna: Af jörðu ertu kominn, að jörðu skaltu aftur verða, af jörðu munt þú aftur upp rísa...)

„Allt hold er mold“... sagði ég upphátt. Við skilgreinum orðið öskuhaugur með ólíkum hætti. Hann á við eldfjallaösku, ég á við illa lyktandi sorphaug.

## Gróðurfar á Íslandi fyrir ísöld

En þessar samræður komu mér í hug þegar ég las pistil vikunnar frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga nú í ársbyrjun 2024. Þar er fjallað um trjategund sem mér er með öllu ókunn, hjartatré. Hjartatré ber nafn með rentu, laufblöðin eru hjartalaga.

En fyrir allmörgum árum síðan, eða frá því fyrir ca 5-25 milljónum ára var bæði landslag og veðurfar með öðrum hætti hérlendis. Og þá var Ísland sem eyja ekki til. Menn telja að það sem hafi verið forveri þess landsvæðis sem við köllum í dag eyjuna Ísland hafi verið háslétta sem myndaði landbrú frá Skotlandi, yfir Færeyjar, Ísland og íslaut Grænland yfir





til Ameríku. Algerlega ósnortin af jöklum og því rofi sem bráðnun þeirra hafði í för með sér nokkrum milljónum ára síðar.

Hvort sem hamfarahlýnun/kólnun kemur þar við sögu, utan hvað við lentum í ísöld fyrir ca 2,5 milljónum ára sem raunar stendur enn yfir. (Nú erum við stödd á hlýskeyði ísaldar). Og þá var eyjan Ísland sem eyja ekki til. Þetta var á tertíer tímabili jarðsögunnar. Þá ríkti gróðurfar hér sem kennt er við miosen flóru tímabil. Veðurfar þess tíma má líkja við veðurfar á Flórída nútímans. Meðalárshiti hér var um 10°C. Vestfirðirnir og Austfirðirnir eru elstu hlutar eyjunnar okkar, ca 15 milljón ára gamalt berg. Dýralíf var hið sama yfir alla landbrúna. Í þá daga var Grænland íslaut og væntanlega ekki jökla að finna á Íslandi? Og Atlantshafið sem slíkt var ekki til. En á þessum 20 milljón árum gerðist ýmislegt í jarðsögunni fleira en eldgos, hafið okkar mikla tók að myndast.

## Surtarbrandur og aðrir steingervingar

Hérlendis erum við að finna bæði dýraleifar og plöntuleifar í formi steingervinga sem sýna að hér uxu miklir laufskógar og steingerð bein hjartardýra hafa fundist bæði í Burstafellsskógi á Austurlandi og í Selárdal á Vestfjörðum. Gróðurleifarnar í formi surtarbrands fundust og nýttust landnámsmönnum sem brúnkol til húshitunar. Surtarbrandur/brúnkol eru saman pressaðar og steingerðar jutaleifar og hafa fundist á nokkrum stöðum á Vestfjörðum, á Skarðsströnd, á Tjörnesi og við jökulrákina fyrir botni Reyðarfjarðar.

En aftur að hjartatrénu! Skógræktarmenn hafa verið að prófa hinar ýmsu tegundir trjáa í fjölbreyttum skógarlundum skógræktarsvæðanna hérlendis. Og þá kemur í ljós að hjartatréd dafnar svona ljómandi vel í Lystigarðinum á Akureyri. Að vísu er hin forna íslenska tegund talin útdauð, en með hækkandi hitastigi í nútímanum gætum við reynt fyrir okkur með fleiri tegundir í skógræktarlundum



okkar. Og Lionsfélagar eru duglegir að rækta skóg!

## Hin eilífa hringrás lífsins

Vísindamenn hafa fylgst með hjöðnun jökla í Noregi. Með þeim í för er tókulið frá BBC. Þar er sama ferli í gangi í náttúrunni og hér og um heim allan. En undan jöklunum bæði hérlendis (Drangajökull) og í Noregi eru að koma í ljós fornar götur. Fyrir þúsund árum var veðurfar mun hlýrra en í dag. Menn fóru yfir fjallendi ýmist ríðandi eða fótgangandi áður en litla ísöld gekk í garð um miðja 13.öldina. Undan jöklunum í Noregi koma í ljós fornar reiðgötur og á þeim er að finna forn reiðtygi, dýrabein, örvaroddar og leifar af textíl sem með kólnandi veðurfarinu fóru undir jökulinn. Í þá daga var Vatnajökull kallaður Kolfajökull og reiðfært milli tveggja jökla sem í dag er Vatnajökull.

Allt gengur í hringi, við fæðumst, lifum og deyjum. Náttúran gefur okkur ríkulegar gjafir sínar í formi gróðurs og dýralífs sem við nýtum okkur til lífsviðurværis. Þess vegna er lífsnauðsynlegt fyrir allt mannkyn að fara vel með gjafir jarðarinnar, ganga ekki um of á þær bjargir og koma í veg fyrir mengun sem gæti hamlað vexti og viðgangi lífríks okkar.

(Byggt á heimildum frá Skógrægtarfélagi Eyfirðinga og Vísindavefnum 2024)

Jóhanna Thorsteinson

# Magnað verkefni – Ógleymanleg upplifun

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions



## Lionsskóli fyrir sjónskert börn í Ndola í Sambíu

Ég er oft spurð hver séu merkilegustu verkefni sem ég hef séð. Á ferðum mínum í forystu Lions, sem alþjóðaforseti og formaður Alþjóðahjálparsjóðsins LCIF, hef ég kynnst mögnum Lionsverkefnum um allan heim. Áhrifamestu verkefni eru yfirleitt þau sem LCIF hefur stutt og þau eftirminnilegustu eru flest í Afríku. Lionsfélagar þar hafa óendanlegt hugrekki að byrja á stórum verkefnum og hafa þrek til að halda þeim áfram og láta þau vaxa.



Sem formaður LCIF heimsótti ég Lionsskóla fyrir sjónskert börn í Ndola í Norður Sambíu, skammt frá landamærum Kongó. Skólinn var byggður árið 1974 með styrk frá LCIF. Skólinn byrjaði smátt, fyrir 4 stúlkur og 4 drengi, en voru þarna (2019) fyrir 43 stúlkur og 78 drengi. Markmiðið var að veita sjónskertum börnum og ungmennum gæðamenntun til að gera



þeim kleift að verða sjálfstæðir einstaklingar, með sjálfsvirðingu og kjark, til að verða sjálfbjarga borgarar samfélagsins.

Allir nemendurnir eru sjónskertir af ýmsum ástæðum, vegna augnsjúkdóma, albinisma eða slysa. Ég varð agndofa yfir sögu og þróun skólans og heilluð af þeim kjarki sem Lionsfélagar höfðu sem stofnuðu skólann fyrir 60 árum. Á þeim tíma voru miklir fordómar í garð fatlaðs fólks, þar á meðal blindra og sjónskertra. Þar sem fáfræði ríkti var fötlun talin bölvun, sem varð að losna við. Fátækar, barnmargar fjölskyldur gátu ekki séð fyrir öllum börnum og það voru ekki margar leiðir til að minnka birgðirnar. Það voru óblíð örlög sem biðu sumra þessara óláns sömu barna. Lionsfélagar brugðust við, þeir gáfu börnunum nýtt líf, nýja von, heimili, mat, menntun og framtíð.

Nemendur búa í skólanum á meðan kennslu nýtur og gista í stórum svefnskálum. Þau mæta í skólann fimm daga vikunnar og taka þátt í ýmsu öðru, svo sem íþróttum, söng, garðrækt, og dýraumönnun. Um helgar er frí, þá fara mörg börn heim til fjölskyldna sinna, en sum eiga í engin hús að venda og annað hvort dvelja í skólanum eða er boðið heim til fjölskyldna Lionsfélaga á svæðinu.



Ástæðan fyrir heimsókn minni í þennan skóla, var að afhenda nýjan LCIF styrk til að reisa nýtt húsnæði með tveimur svefnskálum og þremur kennslustofum. Þetta var samstarfsverkefni milli alþjóðahjálparsjóðsins LCIF, Lionsklúbbanna á svæðinu og nokkurra samstarfsaðila. Viðburðurinn var vel undirbúinn, vandlega merktur og tignum gestum boðið ásamt fjölmiðlafólki. Lionsklúbbarnir í Sambíu, sem í dag eru 47, með um 1.400 félaga hafa byggt húsin með dyggum stuðningi samstarfsaðila, bæði innlendra og erlendra vildarvina.



Mér var falið að leggja hornstein byggingarinnar, með aðstoð arkitektsins og byggingarstjóra. Næst afhjúpaði ég stóran veggskjöld, þar sem fram komu upplýsingar um stuðning LCIF, í hvað styrkurinn var notaður, hver lagði hornsteininn og afhjúpaði skjöldinn og hvenær, en það var 29. september 2019.

Að þessari formlegu athöfn lokinni hófst mikil hátíð, þar sem flutt voru nokkur ávörp

skóla- og bæjaryfirvalda. Lionsfélagar kynntu verkefnið og börnin voru með undirbúin skemmtiatriði, söng og dans. Einnig settu þau upp leikþátt í bundu máli, sem var áskorun til samfélagsins að gefa sjónskertu og blindu fólki sömu tækifæri og öðrum; þetta var mjög áhrifaríkt.



### Matsalurinn

Að athöfn lokinni var okkur boðið að skoða húsnæði skólans, jafnt kennslustofur sem matsal og svefnskála. Þetta var allt frábrotið og ekkert sambærilegt því sem við þekkjum. Hver eining var sérstakt hús, þetta var eins og lítið þorp. Þar var einnig matjurtargarðar og nokkur húsdýr sem börnin önnuðust ásamt leiðbeindum sínum.

Börnin fá þrjár máltíðir á dag, fimm daga vikunnar. Ríkið veitir mánaðarlegan styrk til skólans, en hann dugar aðeins til eins þriðja af útgjöldum. Þannig að Lionsklúbbarnir styrkja marga þætti skólans auk fæðis, námsgagna og ýmissa útgjalda við rekstur skólans og viðhald bygginganna, ásamt því að reisa fleiri byggingar þegar þörf krefur.



### Tölvuherbergið

Skólinn heyrir undir menntamálaráðuneytið og er flokkaður sem almennur grunnskóli sem veitir menntun til 12. bekkjar. Skólinn var byggður í samstarfi við ráðuneytið og nýtur verndar og faglegs stuðnings og eftirlits

skólayfirvalda Sambíu. Þó skólann vanti margt til að geta sinnt öllum skyldum sínum jafn vel, þá fylgjast þau vel með tækninni og var tölvuvæðing skólans fyrir nokkrum árum mikið framfararspor sem gaf nemendum tækifæri til öðlast nýja færni, sem gaf þeim frekari möguleika á framtíðarstörfum. Börnin voru svo opin, áhugasöm og gestrisin, voru mjög spennt fyrir því að kynna gestunum skólann sinn og allt sem þau gátu gert.



### Svefnskáli með kojum fyrir 20 börn

Börnin áttu heimili í skólanum alla sína skólagöngu. En það var ekki mikið persónulega rýmið, ein kofa á mann, þar sem þau sváfu og geymdu eigur sínar. En allt var hreint og snyrtilegt. Það kom mér á óvart að sjá að sumar kojurnar höfðu ekki dýnur. Lionsfélagi sagði okkur að dýnunum hafi líklega verið stolið, en það hverfur ýmislegt úr skólanum jafnt og þétt. Ég spurði hvort þeir gerðu eitthvað í málunum eða tilkynntu þjófnad. „Nei, við tilkynnum það ekki, við kaupum bara aftur það sem vantar“. Þetta er bláfátækt fólk og þau taka þessa hluti af því að þau virkilega þurfa á þeim að halda; þetta er gott fólk, en býr við erfiðar aðstæður.“

### Svefnskáli Guðrúnar

Eftir rúmlega eitt og hálf ári var verkefninu lokið, búið að fullklára byggingarnar og búa þær viðeigandi húsgögnum og búnaði. Lionsklúbbarnir héldu vígsluhátíð, þegar allt var tekið formlega í notkun. Þeir afhentu skólanum þrjár kennslustofur og tvo svefnskála í júlí 2020. Ég gat ekki verið viðstödd, en fylgist með viðburðinum í streymi og á myndböndum sem þér sendu mér og fjölda mynda og frásagna á samfélagsmiðlum og fréttablöðum í Sambíu. Ég var ótrúlega stolt og glöð að hafa fengið að taka þátt í þessu merkilega verkefni. Mér þótti líka vænt um, að mér til heiðurs, nefndu þeir



svefnskála stúlknanna mínu nafni, „PIP Guðrún Yngvadóttir Girls Dormitory“

Það er ógleymanleg upplifun að heimsækja þennan skóla, kynnast sögu hans, hitta börnin, starfsfólkið og Lionsfélagana. Þetta verkefni snerti mig djúpt. Ég var heilluð af hugrekki Lions í Sambíu, að takast á hendur þetta verkefni; að gefa þessum börnum nýtt líf og á sama tíma að berjast gegn fordómum gegn blindu og sjónskerðingu. Þrautsegja klúbbanna er ótrúleg, að halda áfram og byggja upp skólann, en í dag er hann eftirsóttur og virtur og nemendur hans njóta traust og tækifæra á við aðra í samfélaginu.

*Guðrún Björt Yngvadóttir  
PIP, fyrrverandi alþjóðaforseti,*



# Lionsklúbbur Vestmannaeyja

## Nýtt verkefni hjá Lionsklúbbi Vestmannaeyja

### „Karlar í skúrum“



Klúbburinn er farinn af stað með skemmtilegt verkefni fyrir karmenn 18 ára og eldri og vill reyna að ná til karlmannna sem ekki geta stundað almenna vinnu, eru búnir að minnka við sig vinnu eða komnir á eftirlaun. Oftast eru menn búnir að minnka við sig húsnaði og hafa þá ekki aðstöðu fyrir fönður eða þessa háttar. Þá myndast oft tómarúm og margir eiga erfitt með að finna sér einhverja rútínu eða verkefni til að geta gengið að og fengið félagsskap, Í haust var farið af stað með fjáröflun, sem hefur gengið mjög vel og var öllum fyrirtækjum í Vestmannaeyjum sent bréf þar sem óskað var eftir framlögum í verkefnið og markmið þess og tilgangur útskýrður.

Karlar í skúrum er úrræði sem gefur karlmönnum stað og stund til þess að hittast og vinna að sameiginlegum og eða eigin verkefnum á sínum eigin hraða. Markmið verkefnisins er að skapa aðstæður þar sem heilsa og vellíðan karla er höfð í fyrirrúmi og þeir geti haldið sér við líkamlega, andlega og félagslega.

Megináhersla er lögð á vinnu í tré og hvers konar annað handverk og er tilgangurinn að

auka lífsgæði gegnum handverk, tómstundir og ekki síst samveru.

Vestmannaeyjabær hefur útvegað rúmgott húsnaði undir verkefnið, þar sem við lionsmenn erum að fara í það verk að stúka niður rýmið í vélasal, handverksrými, salerni og kaffistofu.

Til að undirbúa okkur fyrir verkið fóru tveir klúbbfélagar í heimsókn til Hafnarfjarðar, þeir Sigmar Georgsson og Óskar Pétur Friðriksson. Óskar Pétur hafði meðferðis myndavélina og myndaði aðstöðuna, fyrirkomulagið og tækjabúnaðinn. Það var virkilega vel tekið á móti okkur að Helluhrauni 8 í Hafnarfirði og fengum við góða leiðsögn um húsnaðið og hvaða tækjabúnaður þarf að vera til staðar í upphafi og bæta síðan við eftir þörfum. Þetta er verkefni að erlendri fyrirmynd og snýst um að veita mönnum tækifæri til að sinna hugðarfeinum sínum og um leið að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Þeir sögðu stefnuna hjá þeim vera þá að menn gætu sinnt létttri trésmíði, útskurði, rennismíði, tálgun, hnífa-smíði, skartgripasmíði, leðurvinnu og ljósmyndun „í skúrnum“, en reynt sé að skapa

aðstæður fyrir allar hugmyndir. Félagslegi þátturinn vegur þungt og þeir sögðu einróma að kaffítíminn og spjallið væri stór ástæða til að mæta sem oftast, en opið er alla virka daga. Kaffítíminn er heilagur hafði einhver þeirra að orði. Og að sjálfsgöðu var okkur boðið í kaffið og spjallið. Við áttum góða stund í skúrnum og vorum leystir út með stórgjöfum við brottför. Fengum við þússivél og bandsög sem ritari karlana í skúrum, Steindór Guðjónsson afhenti Sigmari Georgssyni. Steindór hvatti okkur að ending að kíkja í annan skúr á svæðinu og utan á honum var út skorið skilti sem á stóð „**snúíð og skorið**“ snúíð merkir fyrir rennivinnu og skorið fyrir útskurð. Og þarna var okkur einnig tekið af mikilli velvild. Örn Ragnarsson sýndi okkur aðstöðuna og fór yfir tækjabúnaðinn og sagði okkur sína sögu sem væri svipuð og hjá flestum sem væru í þessu áhugamáli. Hann sagðist hafa farið í þetta til að búa sig undir starfslok og hafa þá eitthvað til að gera og sinna þegar hann hætti að vinna. Sagði hann alltof marga karla verða einmana eftir að hafa sinnt vinnunni frá a til ö fram að starfslokum og eina áhugamálið þar á eftir væri sjónvarpið. Sjálfur







byrjaði hann í útskurði og fann sig ekki alveg í því og prufaði þá að fara í rennismíði og kolféll fyrir því algjörlega og keypti sér fljótlega rennibekk og rennir núna á hverjum degi alls konar hluti úr tré og það sama gera félagar hans í skúrnum. Hann gaf okkur við brottför glæsilega skál sem hann hafði nýlokið við og

bauðst til að koma til Vestmannaeyja og kynna þessi verkefni fyrir Eyjamönnum okkur að kostnaðarlausu. Einnig bauðst hann til að hafa námskeið í rennismíði hjá okkur þegar verkefnið er farið af stað í Eyjum án þess að taka nokkuð fyrir.

Það er ekki hægt að segja annað en þessi

ferð til Hafnarfjarðar hafi verið til fjár og heilla fyrir verkefnið okkar og færum við öllum bestu kveðjur og þakklæti.

*Sigmar Georgsson  
Óskar Pétur Friðriksson*



## Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.


Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

# Febrúar – myndasíða

- Friðgeir Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma





## Minning † Guðrún B Halldórsdóttir



**Guðrún B Halldórsdóttir fædd  
11.12 1956 dáin 04. 01. 2024  
Jarðsett í Keflavíkurkirkju  
30.01.2024**

Guðrún Halldórsdóttir gerðist meðlimur í Lionessklúbb Njarðvíkur 1987 sem 10 árum seinna breytist í Lionsklúbb Æsu. Guðrún var ein af stofnfélögum. Á þessum langa starfsferli starfaði hún í stjórn og mörgum nefndum og verkefnum. Hún var sæmd æðstu viðurkenningu

Lionshreyfingunnar Melvin Jones 05.09.2006

Guðrún var einstök manneskja full af gleði ædruleysi og hlýju sífellt brosandí og hafði smitandi hlátur. Hún var góður félagi sem við kveðjum með hlýhug og virðingu.

Við þökkum trausta og góða samfylgd og sendum fjölskyldu hennar okkar dýpstu samúdarkveðju.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Æsu  
Guðbjört Ingólfssdóttir

Þótt Sólin nú skín á grænni grundu  
Er hjarta mitt þungt sem blý  
Því burt varst þú kölluð á örskammri stundu  
Í huganum hrannast upp sorgarskj

Fyrir mér varstu þú ímynd göfuga og góða  
Svo gestrisin, einlæg og hlý  
En örlög þín ráðin mig setur hljóða  
Við hittumst ei framar á ný

Megi algóður guð þína sálu geyma  
Gæta af sorgmæddum, græða djúp sár  
Þó komin sért yfir aðra heima  
mun minning þín lifa um ókomin ár

Höf. Sigríður Hörn Lárusdóttir

## Minning † Reynir Sveinsson



Reynir Sveinsson rafvirkja-meistari og félagi í Lionsklúbbi Sandgerðis lést þann 21. janúar sl. á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Reynir fæddist 2. júní 1948 í Sandgerði, þar sem hann bjó alla tíð. Foreldrar Reynis voru Sveinn Aðalsteinn Gíslason rafveitustjóri og Guðbjörg Hulda Guðmundsdóttir. Reynir var fjórði í röðinni í hópi sjö systkina.

Reynir lærði rafvirkjun og rak um áratuga skeið fyrirtækið Rafverk ehf. í Sandgerði. Upp úr aldamótunum, breytti hann um starfsvettvang og hóf störf sem forstöðumaður Fræðasetursins í Sandgerði. Þar starfaði Reynir um árabíl, aðallega við móttöku gesta og leiðsögn um sveitarfélagið og Reykjanesskaga.

Eiginkona Reynis var Guðmundína Þ. Kristjánsdóttir, fædd árið 1956. Þau skildu. Saman eignuðust Reynir og Guðmundína þrjú börn og barnabörnin eru orðin 11 talsins.

Reynir var félagslyndur og mikill áhugamaður um uppgang og vöxt sveitarfélagsins. Hann sat fyrir Sjálfstæðisflokkinn í bæjarstjórn Sandgerðis í 20 ár og gegndi á þeim vettvangi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélagið. Reynir gekk til liðs við björgunarsveitina

Sigurvon ungur að árum og tók þátt í að efla hana á allan hátt. Þá starfaði hann í marga áratugi í Slökkviliði Sandgerðis og þar af slökkvostjóri í ein níu ár.

Reynir var lengi fréttamaður Morgunblaðsins í Sandgerði. Ljósmyndaáhugi hans frá barnæsku nýttist vel í fréttamannastarfinu. Hann var mikilvirkur ljósmyndari og ávallt með myndavélina meðferðis. Reynir festi á filmu viðburði, náttúrufar, byggingar, skip og margt fleira sem eru ómetanlegar heimildir um sögu og mannlíf á svæðinu.

Hvalsneskirkja var Reyni afar hjartfólgin og hann var kjörinn í sóknarnefnd árið 1989. Þar starfaði hann í 35 ár, lengst af sem formaður. Hann stóð fyrir á endurbótum á kirkjunni og tók virkan þátt í hönnun og byggingu safnaðarheimilisins, sem síðar breyttist í Sandgerðiskirkju.

Reynir gekk til liðs við Lionsklúbb Sandgerðis árið 1988. Hann var ötull félagsmaður og tók virkan þátt í félagsstarfinu. Reynir tók að sér hin ýmsu trúnaðarstörf fyrir Lionsklúbbin og var m.a. formaður klúbbsins starfsárin 1997-1998, 2007-2008 og 2013-2014.

Við félagarnir í Lionsklúbbi Sandgerðis þökkum Reyni Sveinssyni fyrir fjölmargar ánægjustundir undanfarna áratugi og sendum fjölskyldu hans og ástvinum innilegar samúdarkveðjur.

F.h. Lionsklúbbs Sandgerðis.

Pétur Brynjarsson

## Lionsklúbburinn Æsa



Lionsklúbburinn Æsa hélt góðan fund 6. febrúar s.l. Pema kvöldsins lvar að mæta með hatt, skrautlegir hattar og kátar kellar hvert sem litid var. Gestur kvöldsins var Guðrún Björt Yngvadóttir fyrrverandi alþjóðaforseti, hún sagði okkur frá áhugaverðu og yfirgripsmiklu starfi sínu þegar hún var alþjóðaforseti.

Sjö konum var veitt Melvin Jones viðurkenning. Þrjár konur gengu í klúbbinn, þær Kristín Svala Sigurðardóttir, Guðlaug Þóra Sveinsdóttir og Sandra Kristinsdóttir, þær voru boðnar hjartanlega velkomnar og þeim boðið í „Blómanefndina“. Alma Alexandersdóttir sagði að vel hefði tekist til með Bocciamótið sem íþróttarfélagið Nes bauð til, en þar voru á annan tug keppnisliða. Við Æsumar urðum í sæti 2 en karlarnir í Lkl. Njarðvíkur hrepptu 1. sætið. Guðrún Snæbjört Þóroddsdóttir sagði að „Hungurkvöldið“ hefði tekist vel að vanda, á þeim fundi

höldum við sameiginlegan fund með Lkl. Njarðvíkur. Þar framreiddu við Æsumar heimagerðan mat, í aðalrétt voru fiskibollur og í eftirrétt ostaterta. Ingunn Þormar Kristinsdóttir fulltrúi okkar í unglingskipnum sagði okkur frá undirbúningi fyrir unglingsbúðirnar sem fara fram í júní.

Gríptu með þér vin eða vinkonu á lionsfund, það er gaman saman.

*Lionskveðja  
Brynja Þóra Valtýsdóttir, netstjóri*

## Kjaransorða

### – Umsóknarfrestur er 1. nóvember og 1. mars ár hvert

Björg Bára Halldórsdóttir,

formaður Kjaransorðunefndar



Reglum um veitingu Kjaransorðu var breytt fyrir nokkrum árum sem virðist hafa farið fram hjá mörgum. Viljum við í Kjaransorðunefnd þess vegna skýra þar nokkur atriði.

Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lions á Íslandi. Hægt er að veita hana á tvennan hátt, þ.e. frá fjölmudæmi og frá klúbbum. Klúbbar hafa þannig möguleika á að heiðra sína félag með þessari æðstu viðurkenningu okkar og er það oft gert í tilefni af stórafmæli klúbbs, félagsins eða við annað hentugt tækifæri þegar félaginn hefur til þess unnið.

Hámarksfjöldi Kjaransorðuveitinga ár hvert er þrjár orður veittar af fjölmudæmi og hið

mesta tíu veittar af klúbbum, fimm í nóvember og fimm í mars. Kjaransorðan kostar sem svarar til USD 1.000 í íslenskum krónum.

Klúbbum ber að skila inn beiðni ásamt greinargerð um væntanlegan orðþega til orðunefndar eigi síðar en 1.nóvember og 1.mars ár hvert. Ef ekki koma fimm umsóknir frá klúbbum, sem er hámark í hvert sinn flyst það sem upp á vantar fram til næsta fundar en þó ekki milli ára.

**Umsóknarfrestur er 1.nóvember og 1. mars ár hvert.**

Ákvörðun orðunefndar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. nóvember og 15. mars ár hvert.

#### Kjaransmerki

Einnig er hægt að kaupa Kjaransmerki til þess að viðurkenna féлага. Þrjár gerðir eru í boði, gull, silfur og brons og er verð þeirra kr. 20.000, 15.000 og 10.000. Lionsskrifstofan skal halda utan um nöfn og kúbbanöfn þeirra sem viðurkenndir eru með þessum merkjum, eins og með Kjaransorðum.

Andvirði merkja og Kjaransorða (sem og minningarkorta) rennur í Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar sem er hjálparsjóður okkar í Lionsfjölmudæmi 109, sem áður hét Íslenski hjálparsjóðurinn. Markmið sjóðsins er að veita neyðaraðstoð og styrkja innlend og alþjóðleg verkefni.

Allar nánari upplýsingar svo sem reglur um Kjaransorðu og Heiðurssjóðinn má finna undir



liðnum verkefni á heimasíðu Lions á Íslandi: Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar - Íslenski hjálparsjóðurinn | Lions á Íslandi

Með von um gott og gefandi starfsár.

Með vináttu leggjum við lið.

F.h.Kjaransorðunefndar

Björg Bára Halldórsdóttir formaður

[bjorgbara@simnet.is](mailto:bjorgbara@simnet.is)

## Minning + Halla Haraldsdóttir



Halla Haraldsdóttir gler og myndlistarkona lést þann 23. nóvember 2023 á Landspítalanum í Fossvogi.

Halla var ein af stofnfélögum Lionessklúbbs Keflavíkur 1982 og starfaði með okkur á meðan hún bjó í bænum

Fljótlega eftir stofnun klúbbsins kom að því að huga að félagsfána okkar og var Halla fengin til verksins en hún skilaði okkur fallegum og táknrænum Lionessu fána. Þegar klúbburinn okkar breyttist í Lionsklúbbinn Freyja 2021 var farið til Höllu til að fá hana með í breytingu á fánanum. Hún var glöð og þakklát fyrir að fá að hjálpa okkur með verkefnið, en fáninn okkar vekur aðdáun víða.

Halla var góður og öflugur félagi sem gott var að leita til með hin ýmsu verkefni en hennar listfengi kom sér ætíð vel eins og fyrir Góugleði sem vil héldum í áratugi.

Hún var alltaf tilbúin að henda frá sér verkefnum ef okkur vantaði hennar fjölhæfu hendur.

Við Lionsfélagar þökkum henni samstarfið og vinnu fyrir hreyfinguna og minnumst hennar með söknuði og þakklæti.

Bergþóra G. Bergsteinsdóttir

## Minning + Matthías Frímansson



**Matthías Frímansson fæddur 30. Desember 1932. Dáinn 28. Desember 2023.**

Matthías var stofnfélagi Lionsklúbbum Múla á Héraði 1970, en gekk til liðs við Lionsklúbbin Muninn í Kópavogi 1977 og var þar félagi allt til loka.

Hann var alla tíð mjög virkur og áhugasamur Lionsmaður, var í flestum nefndum klúbbsins og að auki formaður 1984-85.

Svæðisstjóri hjá Lionshreyfingunni 1987-88, umdæmistjóri í umdæmi 109A 1990-91 og umdæmisgjaldkeri í 109A 2002-03.

Hann fékk inmlendar og erlendar viðurkenningar fyrir störf sín í Lionshreyfingunni.

Í Lionsklúbbum Munin var hann ávallt fullur af fróðleik og gríni, því hann var grínisti af Guðsnáð.

Lionsklúbburinn Muninn og Kiwanisklúbburinn Eldey hafa fundað saman einu sinni á ári (síðasta vetrardag) í tugi ára. Til skemmtanaauka hefur verið brugðið á spurningakeppni milli klúbbana. Meðan Matthíasar naut við unnum við iðulega, en er hann komst ekki lengur á þennan fund, höfum við oftast tapað.

Matthías hefur strítt við van heilsu síðustu ár, en toppstykkið í góðu lagi sem fyrr.

Hildegard kona hans var líka fyrrum Lionsfélagi, hún lést 10. desember sl.

Við Munins félagar minnumst kær féлага og óskum þeim hjónum góðrar heimferðar.

Fjölskyldu þeirra óskum við Guðsblessunar

## Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Um leið og ég óska öllum Lionsfélögum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir síðasta ár, er ekki úr vegi að líta um öxl og sömuleiðis að horfa fram á við í upphafi nýs árs.

Það má segja að árið 2023 hafi verið viðburðaríkt ár á vegum Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Við áttum frábært landsþing á Akureyri þar sem klúbbarnir stóðu vel og skipulögðu gott þing í Brekkuskóla. Fjölmargir fundir fóru fram sem og námskeið m.a um fjölgun félaga en eitt af heimsmarkmiðum Lions er að félagar verði 1,5 milljón félaga. Ég var svo heppinn að vera kjörin formaður í klúbbum mínum í Vestmannaeyjum og hafði þar um leið kost á að hitta félaga mína í nokkrum ólíkum klúbbum vítt og breitt um landið. Ég hef aldrei kynnst jafn mörgu fólki á einu ári og ég gerði á vettvangi Lions líkt og ég gerði í fyrra. Það hefur verið virkilega gaman að kynnst ólíku fólki frá ólíkum stöðum með ólíka menntun og ólíkan bakgrunn. Það er styrkleiki allra landshreyfinga sem og öflugra samtaka að fulltrúarnir séu ólíkir með mismunandi bakgrunn líkt og Lionshreyfingin er á Íslandi og út um allan heim. Síðast en ekki síst var gaman að kynnst því hvað starf klúbbanna er bæði uppbyggilegt og fjölbreytt. Þar sem hver klúbbur er með sína menningu og sín gæluverkefni sem og að stuðla að alheimsmarkmiðum Lions.

### Það er gaman að vera í Lions

Það sem mér finnst svo dásamlegt við Lions er að hver klúbbur finnur sín eigin verkefni sem hentar hverjum klúbb fyrir sig. Verkefni geta verið fjölbreytt og lítil eða þá eitt stórt verkefni og allt þar á milli. Allir geta komið með nýjar hugmyndir og Lions er uppspretta hugmynda og nýrra verkefna til þess að geta gert samfélagið okkar eða jafnvel heiminn allan örliðið betri í dag en í gær.

Það sem gerir starfið svo skemmtilegt og skapandi er að það er svo frjálst og að ræða hvorki stjórnsmál né trúsmál gerir allt svo uppbyggilegt, í stað þess að vera að rífast og þrasa um þau málefni.

Verum dugleg að halda kynningafundi og hnippa í samferðafólk okkar. Það er ekki úr vegi á nýja árinu að klúbbarnir setji sér ný markmið. Eitt af þeim markmiðum getur verið að fjölga félögum. Það eru margar leiðir hægt að fara í þeim efnum. Fyrst má nefna maður á mann aðferðina sem ég nota gjarnan. Spyrja einfaldlega ert þú í Lions? Veistu eitthvað um Lions? Vissir þú að það er enginn sérstakur klæðaburður í Lions. Þjóðum vinnufélögum okkar á fund eða nágrönnum okkar. Það er enginn skylda að ganga í klúbbin þótt þú mætir á tvo eða þrjú fundi. Sniðugt er líka að standa fyrir feðga eða mæðgnafundum. Að halda kynningafund einusinni á ári eða annaðhvort ár er góður vettvangur til að laða inn nýja félaga. Þá koma oft nokkrir inn í einu. Kynningafundurinn getur verið aðili úr öðrum klúbbi eða fjölmundemis eða umdæmisstjórn með framsögu. Það er ekki verra að brjóta upp kynningafund með því að vera með fjöldasöng, uppistand, fara með nokkrar vísur eða gefum félögunum eitthvað að smakka hvort sem það er eitthvað matarkyns eða í fljótandi formi. Munum að nýi félaginn finni að hann eða hún sé velkomin, hafi hlutverk innan klúbbsins og viðkomandi skipti máli. Með þessum orðum óska ég öllum klúbbum velfarnaðar á nýja árinu og megi nýja árið færa ykkur öllum nýja félaga ný markmið og nýjar áskoranir með nýjum tækifærum.

Bergvin Oddsson formaður Lkl Vestmannaeyja

## Lionsklúbburinn Embla



Margrét Steinunn Guðjónsdóttir.



Kristín Björnsdóttir „Þorradrottning“.



María Hauksdóttir með jólagjöfna.



Kristjana Sigmundsdóttir.



Pálínuboð.



Félagar úr Karlakór Kjalnesinga



Silja Þorsteinsdóttir t.v. og Berglind Magnúsdóttir t.h.



Óli og Helgi.



Emblur með tiskusýningu.



Starfið hjá okkur í L.kl. Embla hefur verið lífllegt og skemmtilegt þetta starfsár eins og alltaf.

Í nóvember héldum við glæsilegt vinkvenna kvöld, þar sem við borðuðum saman góðan mat, síðan var tiskusýning. Þá mættu óvænt til okkar félagar úr Karlakór Kjalnesinga, sem gerðu stormandi lukku einnig voru hjá okkur félagarnir Ólafur Bachmann og Helgi Hermanns, sem héldu uppi fjöri eins og þeim einum er lagið. En rúsínur í pylsundanum voru tvær dætur félaga okkar í klúbbnum, þær Silja Þorsteinsdóttir og Berglind Magnúsdóttir, sem voru veislustjórar og brugðu sér í Abba búninga og sungu með tilþrifum nýjan texta um L.kl Embla við lagið Waterloo.

Við héldum jólafund þar sem við skiptumst á litlum pökkum. Milli jóla og nýárs hefur verið hefð að útivistar nefnd sæi um fundinn, og

höfum við þá oft farið í stutta göngu og komið svo saman á veitingastað, en núna var hvorki veður né færð til göngu, svo ákveðið var að halda „Pálínuboð“ þar sem formenn nefnda sáu um veitingar, sem þær gerðu með glæsibrag. Þá fengum við á fundinn Kristjönu Sigmundsdóttur félagsráðgjafa, með master í öldrunar- og fjölskyldufræðum, sem var með mjög góðan fyrirlestur um öldrunarmál og elligliöp. Síðasti fundur okkar var þorrablot þar sem eiginmönnum var boðið með, þar fengum við til okkar Margréti Steinunni Guðjónsdóttur, sem sagði okkur frá og sýndi myndir af gönguferðum um Jakobsveginn í Austurríki, þar sem hún er fararstjóri.

Síðan var krýnd „Þorradrottning“ og sunginn fjöldasöngur.

Guðmunda Auður Auðunsdóttir, blaðafulltrúi.



## 42 – 240 verkefnið

### Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Lionsklúbbur Vestmannaeyja hefur ýtt úr vör verkefninu 42-240. Markmið verkefnisins er að aðstoða Grindvíkinga við þær náttúruhamfarir sem eiga sér stað um þessar mundir. Það er von mín að klúbbarnir vítt og breitt um landið leggi söfnuninni lið með því að greiða 240.000kr í verkefnið. En 240 er einmitt pósthúmerið í Grindavík. Ef 42 klúbbar leggja lið safnast meira en 10 milljónir króna til handa Grindvíkingum.

Hver klúbbur má að sjálfsögðu styrkja verkefnið með annaðhvort lægri eða hærri fjárhæð. Hvert einasta framlag skiptir máli, en upphæðin 240.000.- kr er eingöngu viðmið. Á þessum miklu erfiðu tímum fyrir Grindavík og samfélagið í Grindavík skiptir máli að stór hreyfing á borð við Lions láti hendur standa fram úr ermum og hreyfingin leggi þessu mikilvæga verkefni lið.



#### Markmiðið að afhenda söfnunarféð í 50 ára afmælisfagnaði

Í apríl verður Lionsklúbbur Vestmannaeyja 50 ára og af því tilefni verður blásið til afmælisveislu föstudaginn 5. apríl þar sem lionsfélögum er hjartanlega boðið til afmælisfagnaðarins. Þar verður m.a afhent söfnunarféð úr verkefninu 42-240. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim klúbbum sem hafa lagt söfnuninni lið og sömuleiðis hvet ég aðra klúbba að styrkja þetta verkefni.

Söfnunarreikningur:

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

kt: 420491 2129

0582 - 26 - 003095

*Bergvin Oddsson, formaður Lionsklúbbs Vestmannaeyja*

## Minning +

## Guðrún Ragnheiður Þorvaldsdóttir

f. 1. des. 1941 – d. 11. des. 2023



#### **Kveðja frá Lionsklúbbum Engey**

Góður og traustur félagi, Guðrún Ragnheiður Þorvaldsdóttir, er látin.

Guðrún og Halldóra tvíburasystir hennar gengu í Lionsklúbbin Engey 24. janúar árið 2003. Þær systur vissu frá upphafi um hvað lionsstarfið snerist í gegnum störf föður síns Þorvalds Þorsteinssonar. Þorvaldur var einn af driffjöðrum Lions á Íslandi til margra ára og fyrsti Íslendingurinn

sem sat í Alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar.

Frá upphafi tók Guðrún virkan þátt í starfi Engeyjar. Hún starfaði í hinum ýmsu nefndum klúbbsins. Var formaður starfsárið 2006- 2007 og gjaldkeri starfsárin 2013 -2015. Að auki var hún ljósmyndari klúbbsins í nokkur ár.

Guðrún var fagur ker, hugmyndarík og skapandi og naut klúbburinn ídulega góðs af því. Minnisstætt er þegar hún mætti á klúbbfund vopnuð striga, pensli og málningu. Striginn var festur upp á vegg, bundið fyrir augun á okkur og gefin fyrirsmæli um að allar skyldum við mála litla mynd á strigann að eigin vali og skrifa þar upphafsstafi okkar. Guðrún lagði svo lokahönd á listaverkið sem síðan

var strekkt á tréramma og selt hæstbjóðanda á þorrablóti Engeyjar.

Guðrún las mikið og alltaf var gaman að ræða við hana um efni og persónur ýmissa bóka sem lesnar höfðu verið. Hún var hjúkrunarfræðingur að mennt og árum saman sá hún um blóðsykursmælingar fyrir hönd klúbbsins ásamt Þórunni vinkonu sinni sem einnig er hjúkrunarfræðingur.

Síðustu ár voru Guðrúnu oft erfið vegna van heilsu. Hún bugaðist samt aldrei og var alltaf bjartsýn um leið og rofaði til. Henni þótti vænt um klúbbinn og tók einatt virkan þátt í starfi hans eins og heilsan leyfði, mætti á fundi, fór í ferðalög, tók þátt í þrjónaverkefni klúbbsins og blóðsykursmælingunum sem áður voru nefndar.

Nokkrum dögum fyrir jólafundinn okkar í Engey, sem alltaf er haldinn á heimili klúbbfélaga, gerði Guðrún sér vonir um að geta mætt á fundinn. Þær vonir réttust því miður ekki en eru lýsandi dæmi um jákvæðni og bjartsýni Guðrúnar. Henni er sárt saknað og við minnumst hennar allar með hlýju og þakklæti fyrir starf hennar í klúbbum og ánægjulegar samverustundir.

Við sendum dætrum Guðrúnar og systkinum og fjölskyldum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Engeyjar

Guðrún H. Björnsdóttir

Guðný Björnsdóttir

## Lionsklúbburinn Úa

Meðlimir Lionsklúbbsins Úu nutu aðventunnar og höfðu margt fyrir stafni líkt og algengt er á þessum tíma. Helst má nefna að mikil áhersla hefur verið lögð á að útbúa og selja vistvænar greinar fyrir leiði. Úur hittast á Tungubökkum með efni í leiðisgreinar og ótrúlegt hversu margir möguleikar eru á að útbúa fallett vistvænt skraut á greinarnar enda margar mjög skapandi konur innan klúbbsins. Eftirspurn eftir leiðisgreinum hefur verið góð og hvetjum við fólk til að muna eftir þessari árlegu og mikilvægu fjárföflun.

Sem fyrr láta Úur gott af sér leiða og þann 10. desember var sameiginleg aðventustund Lionsklúbbs Mosfellsbæjar og Úu í Lágafellskirkju en þar afhentu klúbbarnir formlega styrki til Hjálparstöðs Lágafellssóknar og nutu hátíðlegrar stundar. Þess má geta að sama dag áttu Úur 16. ára afmæli.

Gréta Salome ásamt hljómsveit og Hlégarður buðu Grindvíkingum á tónleika í Hlégarði í desember. Tóku Úur að sér að hita súkkulaði og uppvarta í hléi. Grindvíkingar kunnu vel að meta og mættu svo vel að úr varð að haldnir voru tvennir tónleikar.

Úur héldu jólagleði í safnaðarheimili Lágafellssóknar en þar komu Lea Björk og Þórey frá Tónlistaskóla Mosfellsbæjar og spiluðu og sungu við frábærar undirtektir. Steingerður Steinarsdóttir ritstjóri hélt fyrirlestur um Samhjálp og var það mjög lærdómsríkt og gott að heyra hversu mikil vinna er unnin í sjálfboðaliðastarfi til að hjálpa þeim sem minna mega sín. Úur gæddu sér á jólamat frá Grillvagninum og skiptust á pökkum. Þetta var á allan máta hið yndislegasta kvöld.

Nýtt ár byrjaði vel en þá bauð karlklúbburinn í Mosfellsbæ Úum með sér í vínsmökkun og reyndist það hin besta skemmtun.

Gleðilegt nýtt ár!

